
273. Kolbeinn Óttarsson Proppé (Replik)

Forseti. Ég er aðeins á svipuðum slóðum og Kjell-Arne var, ég er aðeins að velta þessari tillögu fyrir mér eða þessum fyrirvara sem flokkahópur jafnaðarmanna leggur til, sem ég er pínulítið hissa á á þessu stigi málsins. En það er allt í lagi. Það er allt í lagi að verða hissa í pólitík. Ég hef litið svo á, hef fylgst með þessu ferli, að við séum að bjarga stöðu sem var komin upp og er dálítið erfið. Ég hefði haldið að það væri, fyrir okkur sem viljum hag þessara stofnana sem mestan, best að við sameinuðumst öll um að sættast á þessa málamiðlun. Síðan er ég dálítið hissa á að við ætlum að samþykkja að fela ráðherranefndinni að gera úttekt á því hvaða stofnanir séu réttar, hvort einhver slík yfirferð sé ekki eitthvað sem við eigum að gera sjálf. Ef við viljum fara í slíka heildaryfirferð, að það sé sérmál ótengt akkúrat þessum fjórum stofnunum og tillögunni um þær.

Skandinavisk oversættelse:

Præsident. Jeg befinder mig nogenlunde samme sted som Kjell-Arne tidligere. Jeg spekulerer over det forslag eller den reservation, den socialdemokratiske partigruppe foreslår, som jeg er lidt overrasket over på dette stadie. Men det er helt i orden. Det er helt i orden at blive overrasket over politik. Det har været min opfattelse, efter jeg har fulgt denne proces, at vi er i gang med at redde en situation, der er opstået, og som er lidt svær. Jeg ville have troet, at det var fordelagtigt for os, der vil disse institutioner det bedste, at vi alle sammen var fælles om at acceptere dette kompromis. Derudover er jeg lidt overrasket over, at vi har tænkt os at godkende, at vi overlader til ministerrådet at vurdere, hvilke institutioner, der er det rette valg. Burde sådan en gennemgang ikke være noget, vi selv stod for? Hvis vi ønsker at en sådan samlet gennemgang bliver en særlig sag uafhængig

af præcis de fire omtalte institutioner og forslaget om dem.

Information

Tal nummer

273

Typ

Replik

Person

[Kolbeinn Óttarsson Proppé](#)

Speaker role

Nordisk Grønt Venstre

Datum

30.10.19 16:42

Ärende

[Ministerrådsforslag om samarbejdsorganernes nordiske finansiering](#)